

Skólanefnd

4. febrúar 2025

Mætt: Erla Ragnarsdóttir, Júlía Jörgensen, Einir Tyrfingsson, Daníel Scheving, Ingvar Viktorsson, Árni Sverrir Bjarnason, Aðalbjörg Emma Hafsteinsdóttir – Símon Jón Jóhannsson er gestur fundarins.

1. Erla fer yfir starfsmannahald og breytingar þar
2. Erla fer yfir helstu framkvæmdir – lýsing á skólanum, viðgerðir á steypu og fyrirlestrarsal. Uppfærsla á búnaði þar líka. Breytingar á bókasafni í bígerð. Snjallskjáiir keyptir í kennslustofur. Lokað prófaumhverfi keypt á önninni.
3. Öryggismál yfirfarin – verkferill frá ríkislögreglustjóra fyrir þá sem vinna með ungu fólki. Við erum að leggja áherslu á 112 og tryggja öryggi. Sagt frá verkefninu „Góða skemmtun“ í tengslum við árshátíð NFF.
4. Tilboð til skólans. Bókaútgáfan Hólar vill gefa út sögu skólans, þ.e. 50 ára sögu sem fjölbrautaskóli. Útgáfudagur hugsaður 1. október. Meðgjöf með bókinni þyrfti að vera 2 mio. Skólinn fengi 100 eintök. SJJ kemur að sem ritstjóri. Hugmyndin er að fá nemendur til að skrifa um sínar minningar – nýstúdent í vor og 50 ára stúdentar. Svo skrifa nemendur á ca 7-8 ára stúdentsfresti. Ca 10-12 sem skrifa, nemendur og kennarar. Áhersla á myndir. **Óskað eftir aðkomu skólanefndar að meðgjöfinni.** Í febrúar þarf að festa þá sem skrifa í bókina – skilað í júní. Erla sendir sérstakan póst á skólanefndina varðandi þessa vinnu.
5. Fjármál skólans yfirfarin. Niðurstöður ársins í vinnslu, ársreikningur hefur verið settur upp. Minna tap núna en í fyrra, allt á réttri leið þó enn þurfi að gera betur.
6. Félagslíf nemenda. Emma segir frá því sem framundan er hjá nemendafélaginu – miðvikudagsfundahlé, árshátíð og jafnréttisvika.
Bókun frá skólameistara: „Ég er sérstaklega ánægð með vinnu nemendafélagsins á miðvikudögum og vill hrósa ykkur fyrir það. Þið tókuð þessa vinnu að ykkur og hún tókst afar vel. Það er mikil ásókn í jafningjaver, jóga og Barre fit. Þetta er frábært hjá ykkur. Takk fyrir það”.
Einnig sagt frá leiksýningu og Erla segir frá samtali sínu við bæjarstjóra varðandi Bæjarbíó og kostnað nemendafélagsins við að leigja húsið.
7. Erla talar um innritun nemenda um jól sem er ekki nógu góð. 30-40 nemendur útskrifast í desember en fáir koma inn í staðinn og svo verður alltaf eitthvað brottfall. Þyrfti að jafna aðeins út nemendafjölda yfir árið.
8. Erla fer yfir ýmsa þætti úr skólastarfinu; skólinn er meðal 10 skóla sem eru með lægstu brottfallstölurnar, 2,7% leiðrétt. Frábær árangur. Skólafundur með ráðuneyti gekk vel. Kannanir á vegum skólans koma vel út.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:05.

Fundarritari: Júlía Jörgensen